

Gjaldskrá
fyrir húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði

1. gr.

Af húsdýrum og gæludýrum skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar nr. 634/2012 um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði.

2. gr.

Af leyfum sem veitt eru samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar skal innheimta eitt tímagjald eins og það er á hverjum tíma samkvæmt gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

3. gr.

Heimilt er að innheimta eftirlitsgjald vegna almenns eftirlits samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

4. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhættir og mengunarvarna og V. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

5. gr.

Af húsdýri sem handsamað er og flutt í gæludýrageymslu samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

6. gr.

Við afhendingu handsamaðs dýrs ber heilbrigðiseftirliti að innheimta gjald; Eitt og hálf tímagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Svo og þjónustu dýralæknis ef með þarf samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dýralæknis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar með heimild í ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingum

Hafnarfjörður xxxx 2012